

Aðalfundur Símans hf.

Verður haldinn fimmtudaginn 9. mars 2023 kl. 16:00 að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings samstæðu og móðurfélags og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Kosning þriggja einstaklinga í tilnefningarnefnd.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra sem og þóknun nefndarmanna í undirnefndum og í tilnefningarnefnd.
9. Kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn lögð fram til samþykktar.
10. Tillaga um lækkun á hlutafé vegna eigin hluta og breytingu á samþykktum félagsins.
11. Tillaga um lækkun á hlutafé með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins.
12. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
13. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins
14. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá.
15. Önnur mál.

Nokkrar tillögur eru um breytingar á samþykktum félagsins. Vegna lækkunar hlutafjár eru tvær tillögur sem báðar varða grein 4.1 í samþykktunum en tillögurnar lúta að lækkun eigin hluta annars vegar og lækkun með greiðslu til hluthafa hins vegar. Þá eru lagðar til breytingar á greinum 10.2., 10.6. og 10.7., sem fela í sér breytingar varðandi tímaramma fundarboðunar, heimildir stjórnar til þess að ákveða fresti til skráningar á rafræna hluthafafundi og aðlögun á ákvæði varðandi bréflegar atkvæðagreiðslur. Ennfremur eru lagðar til breytingar á grein 11.2. sem er einföldun á efnisatriðum aðalfundarboðunar og að lokum er lagt til afnám greinar 24 sem inniheldur útrunna heimild til hlutafjárhækkunar. Þá er lögð til breyting á viðauka við samþykktir sem tengist heimild til kaupa á eigin hlutum félagsins. Um nánari útskýringar á breytingum á samþykktum er vísað til tillagana stjórnar sem fylgja fundarboði þessu.

Aðrar upplýsingar

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á aðalfundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. fyrir kl. 16.00, þann 27. febrúar 2023. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið hluthafar@siminn.is.

Nánari upplýsingar um aðgangsupplýsingar, þátttöku, skráningu og atkvæðagreiðslu er að finna á vefsíðu félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Upplýsingar fyrir hluthafa

Heildarfjöldi hluta í félaginu hinn 15. febrúar 2023 er 4.400.000.000 hlutir og atkvæði jafnmörg. Þar af eru virk atkvæði miðað við 10. febrúar 2023, 4.209.725.061.

Aðrar upplýsingar

Á vef félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundur>, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. frekari upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning samstæðu félagsins og móðurfélags fyrir árið 2022, umboðseyðublað, framboðseyðublað auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn. Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum eigi síðar en 3 dögum fyrir fundinn á framangreindum vef félagsins og skrifstofu félagsins að Ármúla 25, 108 Reykjavík.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar, þ.e. fyrir kl. 16:00 þann 4. mars 2023 og skal senda framboð á netfangið stjorn@siminn.is. Framboðseyðublað er að finna á vefsíðu félagsins og tilkynnt verður um framboð til stjórnar á vef félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar sem vilja leggja til aðra einstaklinga í tilnefningarnefnd en þá sem stjórn hefur tilnefnt skulu senda slíkar tillögur á netfangið stjorn@siminn.is eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund, eða 2. mars 2023. Framboðseyðublöð má finna á vefsíðu félagsins og verður tilkynnt um framboð til tilnefningarnefndar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Fundurinn verður haldinn að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Skráning á fundinn hefst klukkan 15.30 og verða atkvæðaseðlar og önnur gögn afhent á fundarstað frá þeim tíma. Skráningu lýkur klukkan 16.00 þegar fundur hefst.

Fundurinn fer fram á íslensku.

Reykjavík, 15. febrúar 2023
Stjórn Símans hf.